



Skýrsla tilnefningarnefndar Vátryggingafélags Íslands hf.

6. mars 2019

Inngangur

Tilnefningarnefnd var sett á laggirnar með ákvörðun hluthafafundar þar að lútandi 20. september 2018. Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn Vátryggingafélags Íslands (VÍS). Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar skal hún starfa sem ráðgefandi nefnd og tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn VÍS fyrir aðalfund og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfsreglur tilnefningarnefndar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands (sjá viðauka 1). Þar er nánar getið um markmið og hlutverk, skipan, framkvæmd starfa og heimildir, fundi auk þagnar- og trúnaðarskyldu.

Hlutverk tilnefningarnefndar skv. starfsreglum felst m.a. í því að:

- a) Óska eftir framboðum til stjórnarsetu í VÍS.
- b) Leggja mat á lögmæti innsendra framboða.
- c) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- d) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- e) Leggja mat á bestu samsetningu stjórnar, þar sem m.a. skal gætt að kynjahlutföllum.
- f) Gera rökstudda tillögu um samsetningu stjórnar.

Í tilnefningarnefnd sitja :

- Engilbert Hafsteinsson
- Gunnar Egill Egilsson
- Sandra Hlíf Ocares

Allir kjörnir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Engilbert Hafsteinsson er hluthafi í Óskabeini ehf. sem á 2,49 % hlutfjár í félaginu.

Hér fer lokaskýrsla tilnefningarnefndar sem lögð er fyrir aðalfund þann 20. mars 2019. Í skýrslunni er lagt mat á frambjóðendur til stjórnar og sett fram tillaga að samsetningu hennar.

Störf tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd kom saman þann 3. janúar 2019 þar sem farið var yfir starfsreglur nefndarinnar auk þess að gera starfsáætlun um hvernig staðið yrði að starfi nefndarinnar vegna fyrirhugaðs stjórnarkjörs á aðalfundi þann 20. mars 2019. Alls fundaði tilnefningarnefndin 6 sinnum á tímabilinu frá 3. janúar til 20. mars 2019. (viðauki 2)

Auglýst var eftir framboðum 2. febrúar 2019. Alls bárust 10 framboð til stjórnarsetu, 6 til aðalstjórnar og 5 til varastjórnar. Þrjú aðilar drógu framboð sitt til baka. Nefndin sendi póst á fulltrúa 20 stærstu hluthafa það sem óskað var eftir ábendingum hvað varðar störf nefndarinnar og áframhaldandi vinnu er varðaði komandi stjórnarkjör, var þessum hluthöfum einnig boðið að eiga fund með nefndinni. Auk þess nýtti nefndin sér þær upplýsingar sem fram komu í ábendingum frá framkvæmdastjórn VÍS, stjórn VÍS og lykilstarfsmönnum fyrir síðasta stjórnarkjör.

Nefndin lagði áherslu á að vera fagleg og hlutlaus í mati sínu á frambjóðendum um bestu samsetningu stjórnar með heildarhagsmuni hluthafa að leiðarljósi Nefndin ákvað að leita sér ráðgjafar frá óháðum sérfræðingum í samræmi við fyrirmæli starfsreglna, vegna mats á tilvonandi

stjórnarmönnum og þeirra álitaefna sem upp komu í vinnu nefndarinnar. Hanna María Jónsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent, aðstoðaði við skilgreiningu matsþátta og uppsetningu viðtalsforms. Einnig leitaði nefndin lögfræðiráðgjafar frá Ólafi Arinbirni Sigurðssyni lögmanni hvað varða starfsreglur nefndarinnar í tengslum við tillögur nefndarinnar að breytingum að starfsreglum sem sendar voru á stjórn félagsins.

Mat tilnefningarnefndar

Ákvæði hlutafélagalaga um kynjahlutföll og fjölbreytileika í stjórnnum voru lögð til grundvallar í því heildarmati sem fram fór við vinnu nefndarinnar. Tilnefningarnefnd greindi lykilhæfni, þekkingu og reynslu fyrir stjórnarsetu í stjórn VÍS í samræmi við þau gögn sem lágu fyrir, árangursmat stjórnar, ábendingar hluthafa og stjórnenda og starfsreglur, með vísan til neðan greindra þátta. Tekið var tillit til sjónarmiða um mikilvægi þess að stutt verði við ákveðinn stöðugleika innan stjórnar. Þeir þættir sem metnir voru hjá hverjum og einum frambjóðanda voru eftirfarandi:

- Almenn stjórnunarreynsla.
- Reynsla og/eða þekking á tryggingarfyrirtæki/tryggingarrekstri.
- Stefnumótun og áætlunargerð.
- Áhættustýring og innra eftirlit.
- Lögfræði.
- Starfsmannastjórnun.
- Markaðs- og solumál.
- Fjárfestatengsl.
- Upplýsingatækni.
- Stjórnarhættir.
- Samfélagsábyrgð.
- Tækniþekking/stafræn þróun.

Þegar tekið var tillit til þeirra athugasemda sem fram komu af hálfu hluthafa í aðdraganda hluthafafundar, auk þeirra þátta sem taka þurfti tillit til skv. árangursmati stjórnar voru eftirtaldir þættir einnig metnir í viðtali við frambjóðendur:

- Áhugi á félaginu og starfsemi þess.
- Vilji til að ná árangri fyrir alla hluthafa.
- Skilningur á starfsemi félagsins og þess reksturs sem það sinnir.
- Þekking á samsetningu hluthafahópsins.
- Óflekkað mannorð og góð tengsl.
- Reynsla af ákvarðanatöku.
- Hæfni til að starfa í hópi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Þar sem stutt er síðan síðasta stjórnarkjör fór fram var ákveðið að eingöngu yrðu tekin viðtöl við nýja frambjóðendur byggt á sömu spurningum og viðmiðum og var gert fyrir síðasta stjórnarkjör. Sandra Hlíf formaður nefndarinnar tók viðtöl ásamt Hönnu Maríu Jónsdóttur

Eftir að viðtölum lauk hittist nefndin og farið var yfir niðurstöður viðtala, fjölda stiga sem einstaklingar hlutu úr matsþáttum (sjá viðauka 3), ferilskrár og í framhaldi var stjórnartillögum stillt upp út frá mati tilnefningarnefndar. Við uppstillingu á tillögu nefndarinnar þurfti að hafa í huga að kynjahlutföll í aðal- og varastjórn þurfa að vera sem næst jöfn, skv. samþykktum félagsins og reglum nefndarinnar.

Niðurstaða

Tilnefningarnefnd byggir tillögu sína á ofangreindum sjónarmiðum og að stjórn geti með sem bestum hætti gætt hagsmuna félagsins og hluthafa. Tilnefningarnefnd horfði einnig til þess að þeir einstaklingar sem mynda tillögu nefndarinnar hafa ólíkan bakgrunn og eru nokkuð á dreifðu aldursbili. Hafa þeir allir yfir að búa reynslu og þekkingu sem nýtist vel í stjórnarstörfum fyrir félagið og telur nefndin að samsetning stjórnar í tillögu sinni geti myndað sterka og góða heild í þágu félagsins og hluthafa.

Leggur tilnefningarnefnd til eftirfarandi samsetningu stjórnar VÍS:

Gestur Breiðfjörð Gestsson, fæddur árið 1975, tók fyrst sæti í stjórn VÍS árið 2017. Hann hefur stúdentspróf frá Fjölbrotarskólanum í Garðabæ og starfar sem framkvæmdastjóri Sparnaðar ehf. Gestur hefur töluverða reynslu af framkvæmdastjórn og rekstri ýmissa félaga s.s. Sparnaðar ehf. og Premium ehf. Hann hefur starfað í vátrygginga- og lífeyrissjóðsstarfsemi frá árinu 1999 til dagsins í dag.

Önnur stjórnarseta: Premium ehf. (stjórnarformaður), Óskabein ehf. (stjórnarformaður), Sparnaður ehf. (meðstjórnandi), Garðatorg 7 ehf. (stjórnarmaður), Geda ehf. (stjórnarmaður).

Gestur á um 2,49% hlut í VÍS í gegnum félagið Óskabein og telst óháður VÍS. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.

Marta Guðrún Blöndal, fædd árið 1988 tók fyrst sæti í stjórn VÍS í desember 2018. Marta er með meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og lögmannsréttindi. Marta hefur gegnt stöðu yfirlögfræðings ORF Líftækni hf. frá apríl 2018. Áður starfaði hún sem aðstoðarframkvæmdastjóri og lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands (2014-2018), fulltrúi hjá Juris (2013-2014), hjá endurupptökunefnd (2013-2014), innanríkisráðuneyti (2012-2013) og Útlendingastofnun (2011-2012).

Marta á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu. Hún á ekki sæti í öðrum stjórnnum og engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaáðila og samkeppnisaðila VÍS.

Svanhildur N. Vigfúsdóttir, fædd árið 1977 tók fyrst sæti í stjórn VÍS 2017. Hún lauk B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1999 og M.S. í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands 2003. Svanhildur er einnig með próf í verðbréfamiðlun frá árinu 2001. Aðalstarf hennar er fjárfestir en hún hefur starfað við eigin fjárfestingar frá 2007 til dagsins í dag. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri fjárfestingar Straums fjárfestingarbanka hf. 2005-2007, forstöðumaður fjármögnunar hjá Kauppingi hf. 2002-2005, forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka FBA hf. 2000-2002 og sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins 1999-2000.

Önnur stjórnarseta: K2B fjárfestingar ehf. (stjórnarmaður), Hedda eignarhaldsfélag ehf. (varamaður), og BBL II ehf. (meðstjórnandi), Ígló ehf. (stjórnarformaður).

Svanhildur á ásamt eiginmanni sínum Guðmundi Þórðarsyni um 7,25 % hlut í VÍS gegnum K2B fjárfestingar ehf. og Heddu eignarhaldsfélag ehf. Svanhildur telst óháð VÍS. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.

Valdimar Svavarsson, fæddur árið 1968 tók fyrst sæti í stjórn VÍS árið 2017 og varð stjórnarformaður í október 2018. Hann er með B.A. í hagfræði og próf í verðbréfavíðskiptum frá árinu 1998. Registered Person Exam SFA London, 2001. Valdimar starfar sem framkvæmdastjóri Civitas ehf. Fjárfestingar og fjárfestingaumsjón. Fyrri störf eru forstöðumaður viðskiptaþróunar og sérfræðingur í

fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu hf. 2011-2017, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Virðingar hf. 2010-2011, framkvæmdastjóri Quantum consulting 2008-2010, forstöðumaður hjá VBS fjárfestingabanka 2004-2007 og forstöðumaður einkabankþjónustu Heritable Bank 2001-2003.

Önnur stjórnarseta: Civitas ehf. (Stjórnarmaður), Fjárfestingafélagið Solace ehf. (Stjórnarmaður), Holtseignir ehf. (Stjórnarmaður).

Valdimar á enga hluti í VÍS og telst óháður VÍS. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.

Vilhjálmur Egilsson, fæddur árið 1952 tók fyrst sæti í stjórn VÍS í desember 2018. Hann er Doktor í hagfræði frá University of Southern California, Los Angeles er með meistarapróf í hagfræði frá University of Southern California og er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Vilhjálmur hefur gegnt stöðu rektors Háskólans á Bifröst frá 2013. Áður var hann framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (2006-2013), ráðuneytisstjóri Sjávarútvegsráðuneytisins (2004-2006), í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) (2003) og framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands (1987-2003). Vilhjálmur var einnig alþingismaður fyrir Norðurlandskjördæmi vestra (1991-2003) og hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands (1982-1987).

Önnur stjórnarseta: Innviðir slhf. (stjórnarmaður), Menntaskóli Borgarfjarðar (stjórnarformaður), Harpa ohf. (stjórnarmaður, varaformaður stjórnar, endurskoðunarnefnd).

Vilhjálmur á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaáðila og samkeppnisaðila VÍS.

Leggur tilnefningarnefnd til eftirfarandi samsetningu varastjórnar VÍS:

Sveinn Friðrik Sveinsson, fæddur árið 1974 tók sæti í varastjórn VÍS í mars 2018. Hann er með B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingu í verðbréfamiðlun frá HR. Aðalstarf Sveins er fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Áður starfaði hann sem fjármálastjóri Bílanausts 2014-2017, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Virðingu 2011-2014, verðbréfamiðlun hjá Saga fjárfestingabanka 2010-2011, forstöðumaður fjárfestingar hjá Straumi fjárfestingabanka 2006-2009 og forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka 2000-2006.

Önnur stjórnarseta: Engin. Sveinn á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.

Valgerður Halldórsdóttir, fædd árið 1985 hefur ekki átt sæti í stjórn eða varastjórn VÍS til þessa. Hún er með B.Sc í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Valgerður er framkvæmdastjóri lánafyrirtækisins Framtíðin. Hún starfað áður hjá Plain Vanilla við stjórnun og uppbygginu tekjuflæðis fyrirtækisins, þar á undan hjá Almennu verkfræðistofunni og Arion banka. Valgerður er stofnandi og fyrrum starfsmaður Matador media og á enn sæti í stjórn þess.

Önnur stjórnarseta: Saga Film ehf., Matador media ehf. Valgerður á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.

Viðauki 1.

STARFSREGLUR

TILNEFNINGARNEFNDAR VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

1. gr. Markmið og hlutverk

1.1 Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt ákvæði [15. gr. a] samþykktar VÍS. Samkvæmt ákvæðinu skal innan félagsins starfa ráðgefandi tilnefningarnefnd sem tilnefnir frambjóðendur til setu í stjórn VÍS fyrir aðalfundi félagsins og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

1.2 Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Hlutverk nefndarinnar skal m.a. felast í því að:

- a) Óska eftir framboðum til stjórnarsetu í VÍS.
- b) Leggja mat á lögmæti innsendra framboða.
- c) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- d) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- e) Leggja mat á bestu samsetningu stjórnar, þar sem m.a. skal gætt að kynjahlutföllum.
- f) Gera rökstudda tillögu um samsetningu stjórnar.

2. gr. Skipan

2.1 Tilnefningarnefnd kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður einfaldur meirihluti atkvæða kjöri hans. Stjórnarformaður félagsins eða annar stjórnarmaður skal ekki gegna formennsku. Þá útnefnir tilnefningarnefnd ritara nefndarinnar sem tilnefna má utan hóps nefndarmanna. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

3. gr. Framkvæmd starfa og heimildir

3.1 Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir VÍS, starfsreglur þessar og íslensk lög og hefur hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

3.2 Við framkvæmd starfa skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.

3.3 Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa óheftan aðgang að öllum þeim gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu. Tilnefningarnefnd skal einnig vera heimilt að leita til sitjandi stjórnar, undirnefnda stjórnar, lykilstjónenda, ráðgjafa stjórnar í

stjórnarháttum auk einstakra hluthafa til að afla viðeigandi upplýsinga, eftir því sem við á.

3.4 Tilnefningarnefnd skal heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa og skulu þeir vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Tilnefningarnefnd gengur úr skugga um óhæði utanaðkomandi ráðgjafa.

3.5 Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Á vefsíðu félagsins skal jafnframt birta rökstuðning nefndarinnar.

4. gr. Sjónarmið við mat á frambjóðendum

4.1 Við mat á frambjóðendum til stjórnar skal tilnefningarnefnd hafa í huga að VÍS er vátryggingafélag sem hlotið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og starfar í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa hlutabréf félagsins verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað og gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2017 ásamt reglugerðum, reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um hlutabréfin. Þessar réttarheimildir hafa að geyma fjölda reglna sem lúta að starfsemi félagsins sem stjórnarmenn þurfa að geta tileinkað sér. Jafnframt hafa þær að geyma ákvæði um atriði sem líta ber til við mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna.

4.2 Að öðru leyti skal tilnefningarnefnd hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja .

5. gr. Fundir

5.1 Tilnefningarnefnd skal funda eftir þörfum. Formaður nefndarinnar boðar til funda og stýrir þeim. Þá skal ritari nefndarinnar rita fundargerð um alla haldna fundi.

5.2 Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með löglegum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

6.1 Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um störf sín, málefni félagsins, frambjóðendur til stjórnar og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í tengslum við starf þeirra við nefndina og leynt skulu fara með samkvæmt lögum, samþykktum VÍS eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af starfi.

7. gr. Gildistaka og birting


7.1 Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

7.2 Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu VÍS.

Samþykkt á hluthafafundi VÍS hinn 20. september 2018.

Rammai utan um verklag tilnefningarnefndar VÍS


Undirbúningur




Öflun framboða



Valferli



Loka tillaga til hluthafafundar



Samvinnna Capacent og tilnefningarnefndar

Viðauki 3.

Matrixa Stjórnar VÍS	VÍS
Almennt	Fjármagnsskipan
Stjórnun	Lánastarfsemi
Rekstur	Markaðir
Áhættustýring	Eignastýring
Innraeftirlit	Alþjóðleg fjármálastarfsemi
Reikningskilgæðurskoðun	Lagaumhverfi
Lögfræði	Tryggingarstærðfræði
Stefnumótun og ætlanagerð	Vátryggingaskuld
Starfsmannastjórnun	Vátryggingasamningar
Markaðs- og öllumál	Starfræn þróun
Fjárfestatengsl	
Upplýsingatækni	Umfangsmikil þekking og reynsla á 4
Stjórnarhættir	Töluverð þekking og reynsla á 3
Samfélagsábyrgð	Lítill þekking og reynsla á 2
Forstjóri/ framkvæmdastjóri (árafjöldi)	Óveruleg þekking á 1
Samtalsstig	
Kyn	
Aldur	
Menntun	

Matsþættir í viðtali að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið auk þeirra þátta sem taka þarf tillit til skv. síðasta árangursmati stjórnar eru eftirtaldar spurningar lagðar til sem hluti af viðtali við frambjóðendur.

Áhugi á félaginu og starfsemi þess	Af hverju sækist þú eftir stjórnarsæti í stjórn VÍS ?
Vill ná árangri fyrir hluthafa	Hvaða reynsla, þekking eða hæfni sem þú býrð yfir telur þú vera styrkleika fyrir stjórn VÍS?
Þekking á starfsemi félagsins og þess reksturs sem það sinnir	Hversu mikla þekkingu og reynslu hefur þú af tryggingarrekkstri ?
Skilningur á samsetningu hluthafahóps VÍS	Hefur þú kynnt þér samsetningu hluthafahóps VÍS?
Tími og sveigjanleiki til þátttöku í starfi stjórnar	Störf stjórnar geta verið tímafrek og gerð er krafa um að stjórnarmenn hafi tíma og sveigjanleika til að sinna störfum sínum. Hefur þú þetta svigrúm og þann tíma sem þarf til að sinna stjórnarstarfinu ?
Ólfekkað mannaorð og góð tengsl	Eru einhverjar upplýsingar um tengsl þín, fyrri störf eða annað sem þú telur að geti varpað skugga á orðspor stjórnar VÍS eða rekstur félagsins ? Hver er þín afstaða eða þekking á orðsporðsáhættu VÍS

Reynsla af ákvarðanatöku	Hvernig nálgast þú ákvarðanatöku ? Geturðu lýst dæmi þar sem þú þurftir að taka ákvörðun hratt ? Hvernig finnst þér best að taka ákvaðaranir - ein(n) eða í hópi ? Hvenær á hvort við að þínu mati ?
Hæfni til að starfa í hópi	Hefur þú reynslu af því að starfa í teymi þar sem reynt hefur á samskipti og úrlausn ágreiningsefna ? Hvernig hefur þú tekist á við það og hvaða aðferðurm hefur þú beitt til að ná farsælli niðurstöðu ?
Góðir samskiptahæfileikar	Hvað telur þú einkenna góð samskipti eða mikla hæfni í mannlegum samskiptum ?
Uppfylli hæfniskilyrði FME	Nú er farið fram á í hæfiskilyrðum FME að stjórnarmenn séu fjárhagslega sjálfstæðir, veitir þú heimild til þess að þér sé flett upp í Creditinfo ?
Stafræn þróun	Hver er þín þekking og reynsla í starfrænni þróun ?